

Vinátta að hausti

Fréttabréf Vináttu október 2021

Að koma aftur í skólann sinn að hausti er flestum börnum og starfsfólki ánægjulegt. Eftirvæntingin er oft mikil eftir því að hitta aftur félagana sína og takast á við ný verkefni.

Því miður hlakka þó ekki allir til að fara í skólann. Sum börn kvíða því og bera fyrir sig vanlíðan til að sleppa vonandi við að þurfa að mæta. Enn eru börn lögð í einelti, eru útilokuð úr hópnum, eiga ekki félagana eða vini eða eru ekki viðurkennd með þá eiginleika sem þau búa yfir. Einelti er því miður enn allt of algengt og afleiðingar þess geta haft gríðarlega mikil áhrif á sjálfsmynd, líðan og heilsu barna.



Hvað skiptir mestu máli?

Á námskeiðum *Vináttu* eru þátttakendur ávallt spurðir hvað þeir haldi að foreldrum finnist mikilvægast að börn þeirra upplifi í skólanum. Á fyrirlestrum fyrir foreldra eru þeir spurðir sömu spurningar. Svörin eru yfirleitt alltaf þau sömu og gildir þá einu hvort um er að ræða kennara eða foreldra í leik- eða grunnskólum: **Foreldrar eiga þá ósk heitasta að barni þeirra muni líða vel í skólanum, finni fyrir öryggi og umhyggju og eignist félagana eða vin.**



Mörg börn og foreldrar eru hræddir við útilokun úr hópi. Öll börn eiga rétt á að tilheyra og vera raunverulegur hluti af því samfélagi sem þau eru í. Útilokun getur falist í fleiru en að fá ekki að vera með í leik. Sá sem upplifir að aldrei sé tekið tillit til þess sem hann stingur upp á að gera, eða skoðanir virtar að vettugi, upplifir útilokun. Áður ríkti það viðhorf að einelti kæmi upp þegar barn vildi vinna öðru barni mein.

Með auknum rannsóknum sem *Vinátta* byggir á er vitneskja fyrir því að einelti komi upp þegar eitt eða

fleiri börn óttist að þau verði útundan í hópnum. Börn reyna þá að tryggja stöðu sína og ýta þá jafnvel öðrum út á jaðarinn til að skapa pláss fyrir sig sjálf. Þessi jaðar getur verið margs konar; leikur, skoðanir, tillögur, áhugamál, klæðnaður eða útlit. Og það getur breyst daglega hvað notast er við hverju sinni. Það er því ljóst að það hefur ekkert með einstaklingana að gera hvort einelti sé til staðar eða ekki heldur sú menning sem hefur myndast í hverjum og einum hópi.

Að vinna með gildi Vináttu

Vináttu felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Með því að vinna með gildi Vináttu er stuðlað að því. Gildi Vináttu eru eftirfarandi:



Smellið á myndina til að stækka hana

Hér eru hugmyndir um hvernig hægt er að vinna með gildin:

MERKING GILDA VINÁTTU

Markmiði

Með þessu verkefni geta börnin öðlast dýpri skilning á gildunum fjórum í Vináttu.

Aðferði

Í töskunni er veggspjald með Blæ þar sem hægt er að skrifa texta um gildin fjögur. Þaríð börnin saman og biðjið þau um að lýsa með orðum merkingu gildanna fjögurra. Leyfið þeim að skrifa eigin skilgreiningar á veggspjaldið og jafnvel að teikna litla mynd sem tákngेरir merkinguna. Öll veggspjöldin eru hengd upp í skólafestunni svo unnt sé að vísa til þeirra eftir þörfum.

VEGGSPJÖLD – GILDIN FJÖGUR Í VINÁTTU

Markmiði

Í þessu verkefni kynnast börnin nánar gildunum fjórum í Vináttu – umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki og fá um leið svigrúm til mismunandi túlkunar og skilnings á merkingu þeirra.

Aðferði

Skiptið börnunum í þriggja til fjögurra manna hópa. Hver hópur fær eitt stórt blað eða spjald sem búið er að skipta upp í fjóra reiti, einn fyrir hvert gildanna.

Allur bekkurinn byrjar á því að ræða í sameiningu um það hvað þessi fjögur gildi þýða. Það er upphitun fyrir hópinn áður en hann skreytir sitt veggspjald.

Áður en börnin byrja að skreyta spjaldið sitt ræðir hver hópur innbyrðis um það sem börnin vilja teikna í reitina. Mikilvægt er að allir fái tækifæri til að setja mark sitt á spjaldið. Börnin geta skreytt veggspjaldið bæði með eigin teikningum, úrklippum úr tímaritum o.fl.

Verkefninu lýkur með því að allir hóparnir sýna veggspjaldið sitt og útskýra það fyrir öllum bekknum, árgangnum eða hópnum á fristundaheimilinu. Öll veggspjöldin eru síðan hengd upp svo hægt sé að vísa til þeirra eftir þörfum, til dæmis í samverustundum þar sem hægt er að ræða tilteknaðar aðstæður út frá gildunum fjórum.



Að hefjast handa með Vináttu

Í mörgum skólum fer Blær bangsi í sumarfrí líkt og börnin og í sumum skólum og frístundaheimilum hefur vinna með verkefni *Vináttu* legið niðri um tíma. Ef svo, þá er sannarlega kominn tími til að opna töskuna á ný.

Það er svo einfalt að vinna með *Vináttu* að það er nóg sé að opna töskuna og þá virkar *Vináttu*! Eina leiðin til að *Vináttu* virki ekki, er ef töskurnar og hugmyndafræðin safnar ryki uppi í hillu! Hver og einn kennari getur því byrjað að hausti á þann hátt sem best er fyrir hvern hóp. Ef börnin þekkja efnið og Blæ bangsa, þarf ekki mikinn fyrirvara. Einungis taka spjald úr töskunni og ræða það, fara í rólega nuddstund, hlusta á tónlist *Vináttu*, fara í leiki og hreyfa sig með eða lesa sögu.

Þeir sem eru að byrja með nýja hópa geta haft meiri viðhöfn þegar hafist er handa. Í leiðbeiningahefti og verkefnahefti, sem fylgir efninu eru fjöldi hugmynda. Þar má nefna að fara í ratleik til að finna Blæ og litlu bangsana þar sem þeir eru notaðir.

Svo má ekki gleyma því að allt sem hægt er að gera inni er líka hægt að gera úti og þið getið alltaf notað bókina *Vináttu* í útivist- útinám og leikur í útiveru til að fá fleiri hugmyndir.



Höfum Vináttu sýnilega í skólanum



Við hvetjum alla til að hafa *Vináttu* sýnilega í skólanum. Gott er að hafa veggspjöldin á áberandi stað fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Það minnir alla á að hafa gildi og hugmyndafræði *Vináttu* að leiðarljósi í daglegu skólastarfi.

Vefsíða skólanna er glugginn út í samfélagið. Því er mikilvægt að hafa lógó *Vináttu*, foreldraráðin og aðrar upplýsingar sýnilegar á vefsíðunni.

Þannig vita foreldrar og aðrir sem skoða vefsíðuna að verið sé að vinna með *Vináttu*, félagsfærni barnanna og samskipti í skólanum. Það veitir foreldrum öryggi, hvetur þá til að kynna sér efnið og tileinka sér hugmyndafræðina heima við. Flestir skólar eru með eineltisáætlanir sem eru tilgreindar á vefsíðu skólans. Þar er kjörið að segja frá *Vináttu* sem er forvarnaáætlun gegn einelti. Því meira sem foreldrar eru upplýstir um *Vináttu* því meira tileinka þeir sér hugmyndafræðina og stuðlar að enn betra samstarfi milli heimila og skóla.

Lógó og fleiri myndir til að setja á vefsíður má finna [hér](#).

Alþjóðlegi bangsadaðurinn 27. október



Í mörgum leik- og grunnskólum er alþjóðlega bangsadeginum sérstaklega fagnað og oftast en ekki koma börnin með bangsa að heiman í skólann þann dag. Blær er alltaf mjög spennt/ur fyrir þessum degi og vill gjarnan minna á sig í tilefni dagsins.

27. október er fæðingardagur Theodore (Teddy) Roosevelt, fyrrv. Bandaríkjaforseta. Sagan segir að eitt sinn þegar hann var á veiðum hafi hann séð lítinn bjarnarhún sem hann sleppti lausum. Birtar voru skopmyndir af þessu atviki og leikfangabangsi var útbúinn í kjölfarið sem kallaður var Teddy Bear í höfuðið á forsetanum.

Dagur gegn einelti 8. nóvember

Þann 8. nóvember ár hvert er Dagur gegn einelti. Allir eru hvattir til að halda daginn sérstaklega í heiðri og tilvalið er að minna sérstaklega á hugmyndafræði *Vináttu* þann dag. Í *Vináttu* er lögð meðal annars áhersla á að skoða menninguna í hópnum í heild sinni en ekki líta á einelti sem einstaklingsbundinn vanda. Mikilvægast af öllu er að sjá til þess að allir í hópnum komi út úr aðstæðum með reisn og ekki búa til sérstaka sökudólga og fórnarlömb. Aðalmarkmiðið á alltaf að vera það að bæta samskiptin sem eru á meðal barnanna í hópnum.



Næstu námskeið Vináttu

Grunnskólar og frístundaheimili

- Fjarnámskeið. 3. og 4. nóvember kl 13-16. [Skráning](#)
- Staðnámskeið. 16. og 17. nóvember kl 13-16. [Skráning](#)

Leikskólar og dagforeldrar

- Fjarnámskeið 10. og 11. nóvember kl 13-16. [Skráning](#)
- Staðnámskeið 25. nóvember kl 9-16. [Skráning](#)

Tónlistarnámskeið

- 15. nóvember. Tímasetning kemur síðar. [Skráning](#)

Námskeið og fyrirlestrar í skólum

Margir skólar og frístundaheimili óska eftir því að fá námskeið fyrir allt starfsfólkið og stendur það til boða. Einnig er boðið upp á styttri kynningar fyrir foreldra og starfsfólk í skólum sem nú þegar eru Vináttuskólar. Hafið samband í gegnum netfangið vinatta@barnaheill.is til að fá nánari upplýsingar.

